

123. fundur skráningarráðs, haldinn þriðjudaginn 10. nóvember 2020 kl. 13-14.15, fjarfundur

Fundarmenn: Áslaug Þorfinnsdóttir, Rósa S. Jónsdóttir (formaður), Þóra Sigurbjörnsdóttir og Helga Kristín Gunnarsdóttir (fundarritari).

Einnig sátu fundinn Hallfríður Kristjánsdóttir, gæðastjóri Gegnis, og Sigrún Hauksdóttir, þróunarstjóri Gegnis.

1. Fundargerð síðasta fundar var samþykkt.
2. Flokkun landshluta.

Fjallað var um erindi sem barst frá Bókasafni Mosfellsbæjar um flokkun Breiðafjarðareyja. Í Gegni eru eyjarnar ýmist flokkaðar með Vesturlandi eða Barðastrandarsýslum. Samkvæmt flokkunarkerfinu flokkast Breiðafjarðareyjar með Vesturlandi. Ákveðið var að hverju safni væri frjálst að flokka eins og hentar í safninu.

3. Skýrslur Landsvirkjunar í Gegni.

Fjallað var um erindi sem barst frá Landsvirkjun um sérkóða í bókfræðifærslum í Gegni. Landsvirkjun hefur áhuga á að tengjast Gegni og sækja þangað færslur fyrir eigið efni til að birta á vef Landsvirkjunar. Þau þyrftu því að geta kóðað efnið á einhvern hátt með eigin flokkunarkóðum. Niðurstaðan var sú að hægt væri að nota bæði efnisorð og kóða í þessum tilgangi og að fyrir þessu væru fordæmi, t.d. með efni Orkustofnunar. Markmiðið þyrfti hins vegar að skilgreina vel og vinna samkvæmt því. Sigrún ætlar hafa samband við Landsvirkjun.

4. Tímarit sem fá nýja bókfræðifærslu árlega

Hallfríður bar upp erindi um tímarit sem fá nýja bókfræðifærslu á hverju ári vegna þess að á þeim hangir mikill fjöldi eintaka svo erfitt er að vinna með færslurnar. Lista vantar yfir þessi tímarit og skjölun um hvernig eigi að halda þessu við. Skráningarráð tók ekki formlega ákvörðun um þetta á sínum tíma en um örfá tímarit var að ræða eins og Andrés Önd, Lifandi vísindi, Myndasögusyrpu, Vikuna og Séð og heyrt sem er hætt að koma út. Þóra og Áslaug ætla að skoða málið nánar.

5. Svið 520 og Bókatiðindi.

Hallfríður bar upp erindi um það hvort enn væri verið að hlaða inn lýsingu eða útdráttum úr Bókatiðindum í svið 520 í bókfræðifærslum í Gegni og hvað ætti að gera þegar um vafasamt efni væri að ræða, t.d. efni sem vektu upp siðferðisspurningar. Sigrún taldi að þetta hefði ekki verið gert árin 2018 og 2019 en oft væri spurt um þetta svo þetta er til gagns fyrir notendur. Ákveðið var að fresta frekari umræðu og ákvarðanatöku til næsta fundar.

6. Önnur mál.

- Sigrún benti á að búið væri að skrifa undir samning um nýtt bókasafnskerfi og því væri mikil vinna að hefjast
- Rætt var um póst sem barst inn á Vöndu um bækur Arnaldar Indriðasonar og ritraðarskráningu á þeim, hvernig velja ætti ritraðartitil og á hverju númering ritraðarinnar ætti að byggja. Hallfríður taldi að það þyrfti að vera ákvörðun skráningarráðs hvenær búnar væru til ritraðir úr bókum sem ekki eru eiginlegar ritraðir og lagði til að Lbs skoðaði þetta varðandi reglur og útfærslu í Handbók skrásetjara. Einnig mætti skoða efnisþrengingu með því að efnisgreina sögusviðið sem gæti leyst vandamálið um tímaröð bókanna.
- Hallfríður vakti athygli á því að verið væri að skera skráningarkennslu í HÍ sífellt meira niður. Þar sem skráning, flokkun og lykklun væri nú kennd í einu og sama námskeiðinu gæfist lítill tími fyrir undirstöðuatriði í skráningarreglum. Það væri því til umhugsunar fyrir skráningarráð hvaða kröfur eigi að gera til kunnáttu skrásetjara til að fá Gegniréttindi og hvaða gögn eða kennslu við þurfum að bjóða upp á.

Næsti fundur er áætlaður 8. desember